

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2024

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp 2025

SSÍ fagnar að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 séu stigin skref til að byggja undir afreksstarf íþróttahreyfingarinnar í landinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að setja 232 millj. kr. aukalega í málaflokk Íþrótt- og æskulýðsmála næstu ár borið saman við fjárlög 2024. Mikilvægt er að sátt náist um aukið fjármagn til málaflokksins til að hægt sé að innleiða þær tillögur sem nú liggja þegar fyrir.

Í nýlegri kynningu hjá ÍSÍ undir yfirskriftinni „Áfram Ísland – samvinna til árangurs“ koma fram tillögur um hvernig stórefla megi með ýmsum hætti afreksíþróttastarf í landinu, styðja betur við afreksíþróttafólk, og efla tengsl milli skólakerfisins, íþróttafélaganna sem og sveitarfélaga. Nýr afreksstjóri ÍSÍ, Vésteinn Hafsteinsson fór fyrir kynningunni en hann hefur farið fyrir starfshópi á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins sem unnið hefur að tillögum hvernig stórefla megi afreksíþróttastarf í landinu. Tillögurnar eiga ekki að koma neinum á óvart þar sem mikil vinna var lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum en þær fela m.a. í sér eftirfarandi:

- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.
- Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.
- Lágmarka kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi.
- Auka fjármagn til reksturs sérsambanda og efla ferðasjóð íþróttafélaga.
- Koma á hvatakerfi sem hefur það að markmiði að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.

Í þessu samhengi má minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks. Þá má í þessu samhengi minna á að í fjármálaáætlun 2025 -2029 kemur fram að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþrótt- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf.

SSÍ bendir á að málefnið er ekki nýtt af nálinni. Allir vita að rekstrargrundvöllur íþróttahreyfingarinnar er viðkvæmur og fjármögnun og fjárhagsstaða íþróttahreyfingarinnar mikil áskorun. Til að mynda þá hefur ferðakostnaður og uppihald, innanlands og erlendis stórhækkað. Einnig má nefna að erfiðara hefur reynst að sækja stuðning við sérsamböndin úr atvinnulífinu. Samtímis aukast kröfur til íþróttahreyfingarinnar um betri árangur.

Þrátt fyrir yfirlýst markmið stjórnvalda um að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulag íþróttastarfs til lengri tíma hefur framlag til samninga og styrkja vegna íþróttamála tekið litlum breytingum undanfarin ár. Samtímis hefur kostnaður á allri umgjörð hækkað. Þannig hefur neysliverðsvísitalan hækkað um tæp 30% frá árinu 2020 og launavísitala um 36% en á sama tíma hefur **framlag til afrekssjóðs** (392 m. kr.) verið óbreytt, það sama gildir um **ferðasjóð** (127 m. kr.) íþróttasambandsins. Þá má ekki gleyma að **ríkisstyrkur** hefur lækkað verulega að raungildi undanfarin ár sem skapar hættu á að íþróttahreyfingin verði ekki **samkeppnishæf** þegar kemur að því að halda í gott og reynslumikið starfsfólk. Í flestum þeim löndum sem Ísland ber sig saman við er það fjárhagslegur stuðningur, hæfileikamótun ásamt góðum innviðum sem skipta mestu máli þegar kemur að árangri íþróttafólks innanlands og á alþjóðamælikvarða.

SSÍ vill draga fram góðan árangur íslenska sundfólksins en betur má ef duga skal. Það eru 6 einstaklingar sem hafa verið á lista yfir 32 bestu á síðasta sundári í Evrópu/heiminum. Af þeim 5 Íslendingum sem fóru á Ólympíuleikana í París síðastliðið sumar voru tveir sundmenn sem tryggðu sér rétt til að taka þátt með því að ná útgefnum lágmarkum. Bæði Anton Sveinn og Snæfríður Sól tryggðu sér sæti í undanúrslitum á leikunum. Árangurinn af metnaðarfullu afreksstarfi SSÍ er augljós og við trúum því að næsta kynslóð afreksíþróttafólks sé að verða tilbúin til að taka við af þeim sem svo lengi hafa verið kyndilberar. Við viljum að sjálfsögðu efla þann hóp enn frekar, með ráðum og dáð, en til að svo megi verða, þá er fjármagn frá **Afrekssjóði** algjör forsenda. Við erum stolt af okkar starfi en gerum okkur grein fyrir að það er ekki sjálfgefið að svo verði áfram.

Kannski er ekki óeðlilegt að spyrja „hvað þarf til að vinna gullið?“ Samkvæmt fjárlögum 2024 námu samningar og styrkir til íþróttamála rúmum 1.1 milljarði króna eða sem nemur 0,08% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hvað er mikil alvara á bak við það markmið að tryggja fjárhagslega sjálfbærni í afreksstarfi íþróttahreyfingarinnar? SSÍ skorar á ráðherra og þingheim að standa við orðin og styrkja myndarlega við afreksstarfið í landinu. Allir vita að fáist ekki nægt fjármagn til að halda úti öflugum afreksstarfi þá glatast sú uppbygging sem hefur þegar náðst og biðin eftir góðum árangri og fræknum afrekum lengist til muna. Öflugt og kraftmikið íþróttastarf er samfélaginu til mikilla hagsbóta ekki síst þegar horft er til forvarna, í heilsu og virkni barna og ungmenna í samfélaginu.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar SSÍ - Sundsamband Íslands

Ingibjörg H. Arnardóttir, framkvæmdastjóri

